# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT FÉLAGA

**Reglugerðinni var breytt á þingi KLÍ, þann 18. maí s.l., og nánari útfærsla er í höndum stjórnar. Uppfærsla verður birt um leið og hún verður samþykkt.**

**1. grein**

Íslandsmót Félaga skal halda árlega,

**2. grein**

Rétt til þátttöku í félagakeppninni hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skrá lið sín innan tilskilins þátttökufrests.

**3. grein**

**4. grein**

Hver viðureign fer fram á fjórum brautum þannig að 2 keppendur frá hvoru félagi eru á hvoru brautarparinu. Keppendur frá sama félagi skulu hefja leik á sömu braut.

Stigagjöf:

Í hverri viðureign er leikinn einn leikur ( þ.e. 4 leikmenn x 1 leikur) og teljast stig þannig fyrir viðureignina: Hver leikmaður getur unnið sér inn 1 stig í hverjum leik (samtals 4 stig), hvor tvímenningur getur unnið sér inn 2 stig (samtals 4 stig) og liðið í heild getur unnið sér inn 1 stig, þetta gerir heildar stigafjölda 9. Verði jafntefli skal skipta stigum.
Ef jafnt er að stigum að lokum öllum umferðunum sker heildarskor úr keppninni úr um sæti, þ.e. það félag sem er með hærra skor hlýtur efra sætið.

**5. grein**

Ekki er hægt að fresta viðureign og ekki er hægt að fá fjarveruskor, einungis er hægt að fá varaskor ef leikmaður meiðist og þarf að yfirgefa leik – varaskor skal vera 150 stig miðað við heilan leik.

**6. grein**

Að öðru leyti gilda almennar keppnisreglur KLÍ.

**7. grein**

Mótanefnd KLÍ annast undirbúning og framkvæmd keppninnar.

*Breytt á þingi KLÍ 18. maí 2010*